

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

11. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn mánudaginn 16. mars 2009 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jón Oddsson, Kolviðarnesi.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Halldór Jónsson formaður nefndarinnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Fundarstjóri var kosinn Jökull Helgason.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 10.02.2009 frá Elíasi Fells Elíassyni, Hjallalandi 20, 108 Reykjavík. Sótt er um samruna 7 lóða að Ytra-Lágafelli, sem stofnaðar voru á sl. ári. Um er að ræða lóðirnar Ystastiga, Fellsbrún, Miðstiga, Móhól, Lágafell, Syðstastiga og Lindartún. Lóðirnar munu sameinast Ytra-Lágafelli lnr. 136148.

Nefndin samþykkir erindið.

2. Erindi frá Högna Gunnarssyni f.h. landeiganda að Hvammi. Sótt er um leyfi fyrir landskiptum úr jörðinni Hvammi. Hin nýja lóð mun fá nafnið Hvammur 2 og er 3.240 m² að stærð. Matshluti 02, íbúðarhús, 70 m² að stærð óskast flutt yfir á hina nýju lóð. Með erindinu fylgdi hnitsett afstöðumynd unnin af Ólafi Guðmundssyni. Einnig er óskað eftir landskiptum milli Hvamms og Hjarðarfells. Hluti jarðarinnar, 3.250 ha af fjallendi, verður áfram óskipt sameiginlegt land milli jarðanna Hvamms og Hjarðarfells 1 og 2. Land Hjarðarfells 1 og 2 verður 379 ha en Hvamms 189 ha.

Nefndin samþykkir erindið.

3. Erindi frá Guðrúnu Helgu Guðbjartsdóttur kt. 21.05.46-2439, Kolviðarfjörú 2, Eyja- og Miklaholtshreppi. Sótt er um breytingu á nafni lóðarinnar “Kolviðarfjörú 2” sem óskast breytt í “Miðholt”. Breytingin á við um fasteignirnar 228-5545 og 229-4344.

Nefndin samþykkir erindið.

4. Erindi dags. 02.03.2009 frá Erlingi Þ. Jóhannssyni kt. 10.10.44-2629, Engjaseli 52, 109 Reykjavík. Sótt er um breytingu og stækkun á sumarhúsinu Svarfhóli 1, í landi Svarfhóls, Eyja- og Miklaholtshreppi, fastanúmer 211-3485. Meðfylgjandi erindinu eru byggingarnefndarteikningar og smíðateikningar dags. 02.02.2009 unnar af Jóni Sigurðssyni byggingafræðingi.

Nefndin samþykkir erindið með þeim áskilnaði að skilað verði inn til byggingarfulltrúa skráningartöflu af mannvirkinu.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

5. Erindi Auðunns Óskarssonar kt. 18.09.44-4949, Rauðkollsstöðum, vegna útlitsbreytinga á íbúðarhúsi að Rauðkollsstöðum.
Sótt er um leyfi til að setja þakkvist á húsið og fjarlægja skorstein.
Nefndin samþykkir erindið með þeim áskilnaði að skilað verði inn til byggingarfulltrúa endanlegum teikningum.

6. Erindi dags. 02.03.2009 frá Auðunni Hálfánarsyni f.h. Vegagerðarinnar.
Vegagerðin fer fram á að breytt lega Snæfellsnesvegur vestan Haffjarðarár verði tekið inn á aðalskipulag Eyja og Miklaholtshrepps sem nú er í vinnslu.
Snæfellsnesvegur (54) um Haffjarðará færir mest um 30 m frá núverandi legu.
Byggð verður ný brú á ána 80 m löng og tvíbreið. Efni til vegagerðar verður tekið úr námum í landi Skjálgar í Borgarbyggð. Einnig verður tekið efni um 5.000 m³ úr vegskeringu vestan Haffjarðarár í landi Ytri - Rauðamels. Framkvæmdin er á gildandi samgönguáætlun og gætu framkvæmdir hafist í haust.
Nefndin samþykkir að setja færslu Snæfellsnesvegur og nýja brú yfir Haffjarðará inn í aðalskipulagstillögu Eyja- og Miklaholtshrepps sem nú er í vinnslu. Nefndin lýsir yfir áhyggjum sínum vegna snjósöfnunar á þessu svæði og óskar eftir frekari upplýsingum frá Vegagerðinni um forsendur fyrir færslu vegarins/brúarinnar.

7. Erindi dags. 03.03.2009 frá Benedikt Benediktssyni f.h. landeiganda að Saurum. Sótt er um leyfi fyrir landskiptum úr jörðinni Saurum. Hin nýja lóð mun fá nafnið Hamrar og verður 17,7 ha að stærð. Nýja landnúmerið verður 218176. Með erindinu fylgdi hnitsett afstöðumynd unnin af Ólafi Guðmundssyni.
Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Nefndin samþykkir erindið.

8. Erindi dags. 03.03.2009 frá Benedikt Benediktssyni f.h. landeiganda að Saurum. Sótt er um leyfi fyrir landskiptum úr jörðinni Saurum. Hin nýja lóð mun fá nafnið Þingskálanes og verður 62.8 ha að stærð. Nýja landnúmerið verður 218239. Með erindinu fylgdi hnitsett afstöðumynd unnin af Ólafi Guðmundssyni.
Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Nefndin samþykkir erindið.

9. Erindi dags. 03.03.2009 frá Benedikt Benediktssyni f.h. landeiganda að Saurum.
Sótt er um leyfi fyrir breyttri notkun á útihúsum á Saurum að kröfu Eldvarnareftirlits. Um er að ræða breytingu úr búfjárnotkun og í geymsluhúsnæði.
 - a) Hlaða steipt, byggð árið 1989, stærð 309 m², matshluti 08-0101.
 - b) Fjós með áburðarkjallara, byggt árið 1985, stærð 329 m², matshluti 10-0101.
 - c) Hlaða byggð árið 1950, stærð 58.9 m², matshluti 05-0101.Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Nefndin samþykkir erindið.

10. Virkjun í landi Hrísa, færsla vegtengingar að Svelgsárvirkjun.
Erindi dags. 03.01.2009 frá Ólafi Guðmundssyni f.h. landeiganda Hrísum. Óskað er eftir að breyta vegtengingu við þjóðveg vegna vegar að Svelgsárvirkjun. Fyrir liggur samþykki Vegagerðarinnar sbr. bréf dags. 20.01.2009.
Nefndin samþykkir erindið.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

11. Til kynningar.

Jökull sagði frá fundi með Guðrínu Jónsdóttur vegna aðalskipulags, sem haldinn var 13.03.2009 í Reykjavík.

12. Önnur mál.

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin upp.

Fundi slitið kl. 23:00.